Fullgild rafræn undirskrift
TÓMAS GUÐBERG GÍSLASON
2024-07-17 14:20:53 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Afgreiðslufundur

Ár 2024 fimmtudaginn 11. júlí, kl. 9:00 var haldinn 1782. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Björg Ósk Gunnarsdóttir og Tómas Guðberg Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

1. Lögð fram umsókn Sólstjörnunnar ehf., kt. 690591-1119, dags. 4. júlí 2024, um starfsleyfi fyrir dreifingu (innflutningur) á forpökkuðum matvælum (Sólstjarnan). Matvæli verða geymd og flutt frá vöruhúsi með starfsleyfi samkvæmt samningi þar um. Ný starfsemi.
   Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.

2. Lögð fram umsókn Haga Wine B.V., kt. 610624-9950, dags. 5. júlí 2024, um starfsleyfi fyrir dreifingu (geymsla og sala) á forpökkuðum matvælum í vefverslun (Hagar Wine) að Skeifunni 15, F2023330. Ný starfsemi.
   Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.

3. Lögð fram umsókn Kathmandu ehf., kt. 441116-1790, dags. 22. maí 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; skyndibitastaður/veitingastofa (Ko.Re.) að Grandagarði 16, F2000121, rými 010101 og 010102, bás V6. Eigendaskipti.
   Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði* ásamt *Almennum skilyrðum fyrir rekstri sölubása í Granda mathöll*. Texti á leyfi: Leyfi til að starfrækja skyndibitastað/veitingastofu (Ko.Re.) í Granda mathöll þar sem að allt hráefni kemur tilbúið til eldunar og samsetningar á staðnum.

4. Lögð fram umsókn Annapurna Asian ehf., kt. 620424-1610, dags. 10. maí 2024 um starfsleyfi fyrir veitingastað; skyndibitastað/veitingastofu (Annapurna) að Grandagarði 16, F2000121, rými 010101 og 010102, bás V3. Eigendaskipti.
   Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði* ásamt *Almennum skilyrðum fyrir rekstri sölubása í Granda mathöll*. Texti á leyfi: Leyfi til að starfrækja skyndibitastað/veitingastofu (Annapurna) í Granda mathöll þar sem að allt hráefni kemur tilbúið til eldunar og samsetningar á staðinn.

5. Lögð fram umsókn Sara Pod Hostel, kt. 510315-2780, dags. 10. apríl 2024, um starfsleyfi fyrir gististað; gistiskála (Nordic Hostel) að Snorrabraut 56, F2241990, rými 020101. Ný starfsemi.
   Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði*.

6. Lögð fram umsókn Gelato ehf., kt. 530220-0360, dags. 5. júní 2024, um starfsleyfi fyrir ísbúð (Gaeta Gelato) að Laugavegi 23. Ný starfsemi.
   Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði.*

7. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 12. júní 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 11. júní 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Kathmandu ehf, kt.

441116-1790, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingastofa (Ko.Re.) að Grandagarði 16, F2000121, rými 010101 og 010102, bás V6.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð.

8. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 2. júlí 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 24. júní 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Eldingar veitinga, kt. 600401-2030, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingahús ásamt útiveitingum til kl. 22 alla daga (Viðeyjarstofa) í Viðey, F2038399, rými 040101.

   Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Starfsleyfi í gildi til 20. júní 2036.

9. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 5. júlí 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 4. júlí 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Sara Pod Hostel ehf., kt. 510315-2780, um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki IV, tegund; gistiskáli (Nordic Hostel) að Snorrabraut 56, F2241990, rými 020101.

   Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða* og *reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti.* Gestafjöldi: 54.

10. Lögð fram umsókn Pixla ehf., kt. 541103-2520, dags. 27. júní 2024, um skráningu á framköllunarþjónustu við Suðurlandsbraut 54, F2023419, rými 05 0101. Flutningur í nýtt húsnæði, breyting úr starfsleyfi í skráningu.

    Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur.*

11. Lögð fram umsókn A. Wendel ehf., kt: 410169-2079, dags. 28. júní 2024, um skráningu á bifreiða- og vélaverkstæði (Wendel) að Vagnhöfða 8, F2043127, rými 01 0101. Ný starfsemi.

    Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur* og *Starfsskilyrði fyrir bifreiða- og vélaverkstæði.*

12. Lögð fram umsókn Steinars Páls Veigarsonar, dags. 24. maí 2024, um skráningu á vélsmiðju- og vélaviðgerðum (Tig-suða) að Hamarshöfða 4, F2043092, rými 01 0101. Ný starfsemi

Samþykkt að hafna umsókn um skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Rangur rekstraraðili skráður á umsókn.

14. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar, Rimaskóla, kt. 530269-7609, dags. 4. júní 2024, um breytingu á Sértækum starfsleyfisskilyrðum vegna heimsókna hunds í húsnæði Rimaskóla (Réttaholts Esju Orku örmerki. 352206000126237) þannig að staðsetning hunds innan skólans sé í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Samþykkt, sbr. áður veitta undanþágu heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir heimsóknir hunds í Rimaskóla sem samþykkt var á 150. fundi nefndarinnar þann 16. maí 2024. Starfsleyfið er gefið út með Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir grunnskóla, Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir íþrótta- og líkamsræktarstöðvar og Sértækum starfsleyfisskilyrðum vegna heimsókna hunds í húsnæði Rimaskóla. Starfsleyfi í gildi til 26. apríl 2028.

15. Lögð fram umsókn Rain ehf., kt. 550405-0400, dags. 20. júní 2024, um leyfi til tóbakssölu (Conservas de Reykjavík) að Laugavegi 53b, F2253642 rými 01 0101. Nýtt leyfi.

Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. *8. gr. laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum*.

**Fundi slitið kl. 10:18**

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson